

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2000.00 — tvö þúsund krónur —. Tekjur hans eru, auk árlegra vaxta, það fé, sem honum kann að berast sem gjafir, áheit, minningargjafir eða á annan hátt.

5. gr.

Hlutverk sjóðsins er að veita verðlaun eða viðurkenningu þeim stúlkum, er ljúka burtfararprófi frá barna- og unglingskóla Bolungarvíkur og skarað hafa fram úr að því er vandvirkni snertir og dugnað í handavinnu. Verðlaun skulu fyrst veitt úr sjóðnum vorið 1967 og upp frá því má verja vaxtatekjum sjóðsins, öðrum tekjum, svo og eignum, öðrum en stofnfé, í samræmi við ofangreindan tilgang, eftir því sem stjórn hans ákvarðar. Sjóðurinn skal ávaxtaður í Sparisjóði Bolungarvíkur eða annarri tryggri peningastofnun.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Skólastjóri barna- og unglingskóla Bolungarvíkur og er hann formaður, handavinnukennari stúlkna í áðurnefndum skóla og formaður skólaneftndar Hólsskólahverfis. Stjórn sjóðsins sér um reikningshald hans og semur árlegan reikning, sem skal endurskoðaður jafnframt reikningum skólans.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Bolungarvík, 20. júlí 1962.

Pétur J. Ólafsson.

Þorsteina Guðmundsdóttir.

Agnes S. Óskarsdóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Menningar- og fræðslusjóðs Guðspekifélags Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. september 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Menningar- og fræðslusjóðs Guðspekifélags Íslands.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Guðmundi Kristjánssyni, til heimilis að Grundargötu 12 á Siglufirði. Sjóðurinn skal vera eign Guðspekifélags Íslands og er stofnfé hans kr. 50000.00.

2. gr.

Nafn sjóðsins er Menningar- og fræðslusjóður Guðspekifélags Íslands.

3. gr.

Verja skal vöxtum af sjóði þessum til útbreiðslu guðspekinnar í landinu, til ritgerða, fyrirlestra og ferða út um land. Enn fremur má gleðja af vöxtum þessum fátæka og sjúka, ef öll stjórnin er samþykkt.

4. gr.

Ekki má skerða sjóðinn til fjárveitinga af stofni hans.

5. gr.

Fé það, sem stofnandi sjóðsins kann að leggja síðar meir í hann, bætist við stofnfé hans, ásamt því, sem eftir kynni að verða að honum látnum.

6. gr.

Hætti ofanefnt félag störfum hér á landi, rennur fé sjóðsins til líknar blindu fólki í landinu, svo fremi, að ekki teljist brot á allsherjarlögum Guðspekifélagsins.

7. gr.

Stjórn Guðspekifélagsins skipar stjórn sjóðsins til sjö ára í senn, þremur mönnum og tveimur til vara, og skal forseti Guðspekifélagsins ávallt vera formaður sjóðsstjórnarinnar. Stjórn sjóðsins annast úthlutun úr sjóðnum samkvæmt reglum þeim, sem settar eru hér að framan og sér hún um reikningshald hans og semur árlegan reikning, sem endurskoðaður skal jafnframt reikningum Guðspekifélags Íslands.

8. gr.

Verði útbreiðslustarfsemin eittvert árið með minna móti, er stjórninni heimilt að láta vextina renna í stofnsjóð eða ef hún telur af einhverjum öðrum ástæðum rétt að auka sjóðinn.

9. gr.

Sjóður þessi skal geymdur og ávaxtaður í Landsbanka Íslands, og má ekki veðsetja hann.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskránni og skal hún birt í Stjórnartíðindum.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Símonar Bjarnasonar, Dalaskálds, og Margrétar Sigurðardóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. september 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Símonar Bjarnasonar, Dalaskálds,
og Margrétar Sigurðardóttur.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af frú Friði Símonardóttur Andersen, Karlslundevej 1 A í Kaupmannahöfn, til minningar um foreldra hennar, Símon Bjarnason og Margréti Sigurðardóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er danskar krónur 2000.00, með dagsgengi 1/8 1962 6.23.16, að fjárhæð í íslenskum krónum 12463.20.